



Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á afmælissamkomu SÍBS og NHL
Reykjavík 22. ágúst 1998

Heiðruðu hátíðargestir
Heiðruðu norrænu gestir

Það er mér í senn heiður og ánægja að vera með ykkur á þessum tímamótum og fá tækifæri til að hylla hugsjónaríka frumherja og þakka frábær störf samtaka sem eiga einstakan sess í samfélagsvitund og heilbrigðiskerfi okkar Íslendinga og norrænna frændþjóða.

Berklaveikin var slíkur vágestur á fyrri tíð að nánast er ógerlegt fyrir æskufólk samtímans að gera sér í hugarlund grimm örlög þeirra sem urðu fórnarlömb veikinnar, ótta og ógnþrungið líf ættingja og vinnufélaga, nagandi spurningar um framtíð barna og ástvina.

Ég kynntist því ungur hvílíkum heljartökum berklaveikin gat náð á öllum aðstandendum þeirra sem veikir urðu, orðið grunntónn í daglegu lífi, vonum, bænum og allri hugsun, ár af ári; jafnvel öll manndómsár og blómaskeið æskutíðar.

Svo sterkar eru minningarnar í mínum huga að fátt eitt hefur þar sama vægi. Móðir mín veiktist á unglingsárum og var síðan allt til æviloka rúmlega fimmtug á einn eða annan hátt háð þessum örlagadómi; hafði verið í hópnum sem gekkst undir högningu norður á Akureyri; voru fjarlægð úr henni 11 rif og hún vakandi alla aðgerðina; ég hef aldrei getað skilið til hlítar hvernig hægt var að safna andlegri orku til að lifa af slíka þraut og árin þar á eftir.

Ég varðveiti sem gimsteina úr minningarsjóði æskunnar heimsókn með henni og þabba nokkrum árum síðar til Vífilstaða, brosið og manngæskuna sem skinu frá allri framgöngu Helga Ingvarssonar og gleðina sem braust fram þegar hann tilkynnti að hann sæi ekkert að stráknum. Og svo daginn eftir ferðina að Reykjalundi, ánægju og stolt hinna nýju vistmanna, fólksins sem verið hafði með mömmu árum saman

á hælínu en var nú að búa sér eigið heimili og taka til starfa á nýjum vinnustað umleikinn náttúruvegurð, sýn til hafs og fjalla. Hvílíkur fögnuður hlýtur að hafa verið í brjóstum þeirra sem gátu glaðst yfir hverjum nýjum degi á slíkum stað og smátt og smátt látið óttann frá andvökunóttum sjúkdómsáranna falla í dá gleyskunnar.

Það var hugsjónahiti, atorka og rík samfélagsleg ábyrgðarkennd sem fyrir 60 árum leiddi vaska forystusveit til Vífilstaða í þeim tilgangi að stofna samtök þeirra sem þekkt höfðu af eigin raun erfiða þrautagöngu berklaveikinnar; staðráðin að berjast af eigin rammleik og með hjálp samherja í röðum heilbrigðra fyrir uppbyggingu á aðstöðu sem veitt gæti skilyrði til daglegrar vinnu og eðlilegs heimilislífs; endurhæfingar í besta skilningi orðs sem síðar varð smíðað.

SÍBS og Reykjalandur hafa síðan á öllu æviskeiði íslenska lýðveldisins og rösklega það verið í senn kjarni og fyrirmynd í þeirri keðju velferðarþjónustu og heilsugæslu sem mótað hefur íslenskt samfélag. Þakkarhugur þjóðarinnar hefur birst í öflugum stuðningi sem þrátt fyrir tískustrauma og margvíslegan atgang á markaðstorgi samkeppninnar hefur haldist traustur og samfelldur.

Það er okkur Íslendingum mikil gleði að hin norrænu systursamtök SÍBS skuli hafa kosið að fagna hálftrar aldar afmæli sínu á Íslandi og sýna þannig vinarhug og virðingu gagnvart íslensku brautryðjendastarfi og samtökum sem íslensku þjóðinni hefur löngum þótt sérstaklega vænt um.

Nordiska Hjært- och Lunghandikappades Förbund er glæsilegur fulltrúi þeirra norrænu hefða og viðhorfa sem gert hafa samfélagslegur umbætur og frumkvæði á Norðurlöndum að fyrirmynd annarra þjóða vítt og breitt um veröldina.

Samtök ykkar, saga þeirra og barátta sýna að hjartsýni og samstaða, vilji og hugmyndaauðgi geta vísað veginn frá glímunni við einn helsta vágast þessarar aldar til heilbrigðis og farsæls lífs þúsunda manna.

Sigrarnir sem unnist hafa í baráttunni við berklaveikina og síðan við aðra skæða sjúkdóma eru vitnisburður um að samspil læknavísinda og félagslegrar samábyrgðar, samstöðu og endurreisnarstarfs geta skilað kraftaverkum, skapað þáttaskil í lífi og starfi, fært von og gleði í brjóst þeirra sem áður áttu aðeins ótta og ógn vegna örlaga sem fyrrum voru talin óumflýjanleg en var svo breytt með samstarfi margra, frumkvæði og hugsjónaeldi sem um miðbik þessarar aldar hafði skapað á Norðurlöndum öllum samtök sem aðrir hafa síðan gert að fyrirmynd á mörgum sviðum.

Það er mér sérstök ánægja að heiðra Nordiska Hjärt- och Lunghandikappades Förbund á hálftrar aldar afmæli samtakanna og færa einnig SÍBS hamingjuóskir á 60 ára tímamótum.

Í aðdraganda nýrrar aldar þegar heilbrigði og heilsuvernd verða sífellt víðtækara viðfangsefni þjóða og alþjóðlegs samstarfs þá er mikilvægt eiga fyrirmyndir að aðferðum sem dugað hafa til að virkja fjöldann til þátttöku og skilað hafa árangri í þágu einstaklinga.

Félagslegir þættir eru nú í æ ríkara mæli taldir í senn áhrifavaldar um útbreiðslu sjúkdóma en líka á hinn bóginn lykklar að forvörnum sem duga.

Samfélagsþátttaka, aðild fjöldasamtaka að þróun áhrifaríks heilbrigðiskerfis, mótun samfélagslegrar ábyrgðar sem tryggir að til lengdar takist að koma böndum á útbreiðslu alvarlegra sjúkdóma – allt eru þetta þættir sem vísindamenn og sérfræðingar gefa nú æ meira vægi við mótun heilbrigðisstefnu nýrrar aldar.

Norræna velferðasamfélagið er vissulega módel sem í þessum efnum vísar veginn til framtíðar á margvíslegan hátt. En á Norðurlöndum sjálfum eru samtök ykkar áhrifaríkasta dæmið um árangur, í raun kraftaverk í þágu heilbrigðis og endurhæfingar. Framlag ykkar til sigranna sem unnist hafa í baráttunni við berklaveiki, lungnasjúkdóma og hjartasjúkdóma er fordæmi um félagslegan samtakamátt og frumkvæði fólksins sjálfs sem tvímælalaust er mörgum forvitnilegt rannsóknarefni og einnig alþjóðafræði til eftirbreytni þegar teknar verða ákvarðanir um vænlegar leiðir í baráttunni við margvíslega sjúkdóma.

Ég hef að undanfögnu átt kost á viðræðum við marga erlenda sérfræðinga og vísindamenn á sviði læknisfræði og heilbrigðismála og margir þeirra telja að lykilþættir í árangursríku heilbrigðiskerfi framtíðar liggja annars vegar í hinum flóknu og forvitnilegu erfðafræðirannsóknum en hins vegar í réttum félagslegum aðferðum við að skipuleggja forvarnir og endurhæfingu.

Í þeim þætti, hinum síðarnefnda, er saga samtaka ykkar, árangur og starfshættir í nútíð og framtíð mikilvægt framlag til heilbrigðisþróunar alls mannkyns. Fáir geta í þeim efnum miðlað jafn miklu úr sjóði reynslunnar og þið.

Það er því einlæg ósk mín á þessum tímamótum að hin norrænu samtök sem hér fagna sameiginlega merkim tímamótum og efna til glæsilegrar afmælishátíðar beri gæfu til að nýta hæfni og þekkingu, ekki aðeins til að efla ykkar eigið starf á ókomnum árum, heldur líka til að veita öðrum aðgang að fordæmi ykkar og árangursríkri fyrirmynd.

Ég minntist þess áðan í hinum íslenska hluta ávarps míns hvernig berklaveiki móður minnar, langvarandi barátta hennar við sjúkdóminn í rúm 30 ár hefði mótað æskuár mín, heimilislíf og fjölskyldu alla – og hvenig ég geymdi í minningunni heimsóknir sem ungur strákur á sjúkrahúsið á Vífilstöðum og heilsuhælið á Reykjalundi þegar það var enn í mótun og frumherjarnir að eignast þar í fyrsta sinn eigið heimili og fagna því að geta reglulega gengið til vinnu sinnar.

Ég flyt ykkur því hér í dag ekki aðeins ykkar mínar eigin hamingjuóskir heldur er ég viss um að bæði móðir mín og allur sá fjöldi vina hennar og sjúkdómsfélaga sem nutu blessunar af starfi samtakanna myndu, væru þau meðal okkar í dag, taka hrærðum huga og með heitu hjarta undir heillaóskir og þakka fyrir þá lífshamingju sem SÍBS færði þeim og einnig NHL öðrum sem hlutu svipuð örlög á Norðurlöndum.

Í dag er hátíð í okkar huga og vissulega ástæða til að gleðjast yfir glæsilegum árangri.

Til hamingju!